

Mál nr. 420/2011**Frávísun****M****og****Vátryggingafélagið X v/brunatryggingar húseigna (X)****Eldsvoði að Klapparstíg 17 16.01. 2009, ágreiningur um bótafjárhæð.****Gögn.**

- 1) Málskot móttakið 10.12. 2011.
- 2) Bréf vátryggingafélagsins til nefndarinnar, dags. 14.11. 2011.

Málsatvik.

Fyrirliggjandi gögn upplýsa um aðdraganda máls þessa.

Umrædd húseign brann. Í húsinu voru fjórar íbúðir. Munu tvær þeirra hafa verið vátryggðar hjá vátryggingafélaginu X auk Sjóvár Almennra trygginga hf. (Y) og Verði tryggingum hf. (V) Málskotið virðist miðast við vátryggingafélagið X en óskýrt er hvernig Y og V tengjast málskotinu. Vátryggingafélagið hefur krafist frávísunar með vísan til að það telur að ágreiningur máls þessa snúist um bótafjárhæð. Máltilbúnaður M sé allur mjög óskýr. Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum úrskurðar nefndin aðeins um bótafjárhæð að fengnu sérstöku samþykki allra málsaðila. Félagið veitir ekki samþykki sitt fyrir því að úrskurðar-nefndin úrskurði um bótafjárhæð í máli þessu.

M telur bótaskyldu fyrir hendi sbr. umfjöllun hans í málskotinu.

Álit

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum verður að telja að ágreiningur máls þessa snúist um bótafjárhæð. Vátryggingafélagið samþykktir ekki að nefndin fjalli um ágreining aðila, sem fyrr segir. Með vísan til þessa er málinu vísað frá.

Hafa ber og hugfast að máltilbúnaður M er óskýr. Ekki verður séð með hvaða hætti vátryggingafélögin Y og V eru dregin inn í málið en þeirra er getið í málskotseyðublaðinu.

Niðurstaða.

Frávísun með vísan til 2. mgr. 3. gr. samþykktu fyrir úrskurðarnefnd í vátryggingamálum.

Reykjavík 30. nóvember 2011

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.